

48. fundur hverfisnefndar lunda- og gerðahverfis haldinn í Leikskólanum

Lundarseli 6. janúar 2014 kl. 20.00

Mættir: Þorberg og Svala.

Dalsbrautarmál

Nokkuð hefur verið um það að íbúar hverfisins hafi haft samband við aðila hverfisnefndar vegna ýmissa vankanta og vanefnda bæjaryfirvalda vegna Dalsbrautar.

Aðaláhbyggjuefni okkar og íbúa hverfisins eru:

- Ókláruð gangbrautarljós til móts við Heiðarlund 8. Þar eru staurar sem lýta hverfið og gera ekkert gagn. Mikilvægt að koma upp ljósum strax og klára þar með deiliskipulagið.
- Of mikill hraði bílstjóra á 30 km hámarkskaflanum, íbúar óttast slys.
- Ræddum hversu mikilvægt væri að koma upp hraðamyndavélum.
- Einnig hraðahindrunum eða þrengingum á götunni.
- 30 km umferðarmerki vantar norður Dalsbraut frá hringtorgi Skógarlundar.
- Á ljósum til móts við KA heimilið er græni karlinn of stuttur. Mest megnis börn og aldraðir sem komast ekki alltaf hratt yfir sem nota ljósin.
- Foreldrar hafa rætt mikið um að það vanti gangbrautarvörð og ósáttir við að ekki sé búið að ljúka því sem kom fram á samþykktu deiliskipulagi.

Í framhaldi af þessum umræðum ákváðum við að senda formlega beiðni til skipulagsnefndar um úrbætur.

Önnur Mál

- Umræða um hvernig best sé að nýta 2 milljónir sem Hverfisnefnd fékk úthlutað til feegrunar hverfisins.
- Ýmsar hugmyndir á yfirborðinu, t.d. bekkir og/eða leiktæki.
- Ákveðið að hafa samband við Gest, fulltrúa okkar í skólaráði Lundarskóla og fá hann til að fara með málefnið á skólaráðsfund og athuga hvort hugmyndir komi þaðan.

Fundi slitið kl. 21.00

Fundargerð ritaði,

Svala Björnsdóttir